

Alþingi

Nefndarsvið

Sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

Akureyri 9. janúar 2020


Umsögn Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar um tillögu til þingsályktunar um Akureyri sem miðstöð málefna norðurslóða á Íslandi, 182. mál.

Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar lýsir ánægju með framkomna þingsályktunartillögunni og hvetur Alþingi að samþykkja efni tillögunnar.

Með þessari tillögu er það staðfest að Akureyri sé miðstöð málefna norðurslóða á Íslandi líkt og oft hefur verið nefnt í ræðu og riti. Málefni norðurslóða hafa fengið mikla vigt undanfarin ár og orðin gríðarlega mikilvægur vettvangur í breyttum heimi. Á Akureyri eru margar stofnanir sem eingöngu vinna að málefnum norðurslóða en einnig mörg fyrirtæki sem hafa mikla reynslu af vinnu á norðurslóðum.

Án efa mun sú reynsla og þekking sem byggst hefur upp á Akureyri nýtast og styrkja stöðu bæjarins og einnig landsins alls.

f.h. Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar



Sigmundur Einar Ófeígsson